

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 28. apríl 2009 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Garðagrund 1 og 3 í Flatahverfi, klasa 1 og 2 á Akranesi.

Breytingin nær til lóðanna Garðagrundar 1 og 3. Markmið breytinganna er að stækka grænt svæði og grenndarvöll. Með breytingunni fellur lóð númer 3 við Garðagrund niður en í hennar stað kemur grænt svæði og grenndarvöllur stækkar í suðaustur.

Grenndarstöð til sorpflokkunar verður í suðausturhorni lóðarinnar.

Eystri lóðamörk Garðagrundar 1 færast um 5 metra til austurs. Byggingarreitur lóðar 1 færast austur fyrir núverandi byggingu. Lóðamörk í vestri færast þannig að gönguleið liggur utan lóðar eftir breytingu.

Aðkoma bíla og kvöð um gönguleið sunnan byggingar helst óbreytt.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F.h. Akraneskaupstaðar, 17. nóvember 2009,

Guðný J. Ólafsdóttir, fulltrúi deildarstjóra.

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2009